

Vegagerðin
Auðunn Hálfðánarson, deildarstjóri hönnunardeildar
Borgarbraut 66
310 Borgarnes

2005050021
8721; 9310

Reykjavík, 29. september 2005
/--

Efni: Uxahryggjavegur frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi, Bláskógabyggð. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 6. maí 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt lagning Uxahryggjavegar frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bláskógabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar.

Umsagnir bárust frá Bláskógabyggð með bréfi dags. 23. september 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 1. júní og 30. ágúst 2005, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 16. júní 2005, Umhverfisstofnun með bréfum dags. 31. maí, 22. júní og 25. júlí 2005 og Þingvallanefnd með bréfi dags. 27. júní 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með tölvupósti/bréfum dags. 14., 22. og 24. júní, 19. júlí, 19. ágúst og 23. september 2005.

Í gögnum frá Vegagerðinni, sem bárust Skipulagsstofnun 19. júlí sl., kemur fram að m.a. í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar dags. 22. júní sl. hafi lega veglínu 2 í greinargerð með tilkynningu Vegagerðarinnar um matsskyldu frá 6. maí 2005 verið endurskoðuð og breytt og kallist veglína 2b. Breytingin felist í því að veglínunni sé hnikað til austurs á um 1,5 km kafla á Ormavöllum og jafnframt færð austar um allt að 300 m á um 2 km kafla austan Biskupabrekku. Við þessa færslu verði röskun á gróðurlendi minni. Auk þess hafi veglínunni verið hliðrað til vegna gamalla varða sem komið hafi í ljós við fornleifaskráningu.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fram kemur að núverandi vegur um Uxahryggi sé hlykkjóttur og mishæðóttur malarvegur og miðað við þá umferð sem um hann fari teljist hann vera fremur hættulegur á köflum. Í

framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé endurbygging og nýlagning Uxahryggjavegar á um 9,3 – 9,7 km löngum kafla sem byrji rétt sunnan við Tröllháls og endi við vegamót Kaldadalsvegar. Um sé að ræða 2 valkosti við veglagningu, leið 1 og leið 2b sem sé valkostur Vegagerðarinnar. Fram kemur að leið 1 sé samtals um 9,7 km og fylgi núverandi vegi á um 4,7 km kafla en 2 km kafla í Biskupsbrekku og um 3 km kafla um Tröllháls teljist nýlagning. Hönnunarhraði á leið 1 verði 60 km/klst þar sem farið verði um Tröllháls og Biskupsbrekku. Fram kemur að vegurinn verði um 1,5 til 2,5 m yfir landi með 12 ræsum og gert sé ráð fyrir töluverðum fyllingum og skeringum við veglagningu.

Fram kemur að leið 2b sé um 9,3 km löng og muni liggja utan núverandi vegsvæðis á sandorpnu hrauni um Ormavelli austan Tröllháls, meðfram og yfir Sæluhúsakvísl þar sem fyrirhugað sé að byggja 10 til 20 m langa brú. Fram kemur að vegur skv. leið 2b verði að mestu byggður á fyllingu um 1 til 1,5 m yfir landi, með 14 ræsum. Hönnunarhraði á leið 2b verði 90 km/klst þar sem vegurinn liggja um mun sléttara land en leið 1, hafi betri hæðar- og planlegu og sé mun öruggari auk þess að vera snjóléttari.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að heildarefnisþörf vegna leiðar 1 sé 222.300 m³, þar af verði 162.300 m³ teknir úr 5 námum (B, D, E og F/G) og 60.000 m³ komi úr skeringum. Vegna leiðar 2b sé gert ráð fyrir um 136.600 m³ í heildarefnisþörf, þar af komi 126.000 m³ úr 7 námum (A, B, C, D, E, og F/G) og 10.000 m³ úr skeringum. Fram kemur að Vegagerðin muni leita samráðs Umhverfisstofnunar við frekari útfærslu á vinnslu og frágangi efnistökusvæðanna.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa óveruleg áhrif á gróður skv. leið 1 þar sem fylgt verði núverandi vegi og þar sem vikið verði útaf honum sé fyrst og fremst sandorpið hraun. Að mati Vegagerðarinnar verði áhrif á gróður skv. leið 2b einnig óveruleg þar sem farið verði yfir sandorpið hraun á um 6 km kafla en á um 3 km kafla muni vegurinn liggja um mosavaxið hraun. Fram kemur að öllum lífrænum jarðvegi sem finnist í yfirborði verði haldið til haga og jafnað yfir svæðin í lok framkvæmdar sem efsta lag við frágang. Frágangi á vegskeringum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Þær verði sléttar vel og í samræmi við landslag og halla umhverfis. Sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Leitað verði til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu vegsára og að öðru leyti verði allur frágangur í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdin muni hafa nokkur áhrif á landslag, bæði á námusvæðum og þar sem vegurinn muni liggja. Landslagi hafi nú þegar verið raskað á leið 1 en sé óraskað og tiltölulega slétt á leið 2b en talið sé að skeringar og fyllingar verði meira áberandi á leið 1 en leið 2b.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að 8 vörður séu um 20-60 m frá miðlínu veglínu 2b. Helmingur þeirra séu í um 60 m fjarlægð frá miðlínu veglínunnar og því í nokkurri hættu. Fram kemur að þær verði merktar og varðar ef þess þurfi. Hinar 4 vörðurnar, sem séu í 20-30 m fjarlægð frá veglínunni, verði að verja vel svo þær verði ekki fyrir raski vegna framkvæmdanna.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sé allt á náttúruminjaskrá. Vegagerðin telur að með fyrirhugaðri veglagningu muni útivistargildi svæðisins

styrkjast og líklegt sé að opnunartími vegarins lengist á vorin og haustin. Gert sé ráð fyrir að eftir að framkvæmdum ljúki verði samgöngur öruggari því vegurinn verði breiðari, liggi betur í landi og sjónlengdir á veginum verði lengri. Fram kemur að í tillögu að Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2004-2016 fyrir Þingvallasveit sé gert ráð fyrir að leið 2b verði farin og núverandi vegur gerður að reiðvegi.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta vegasamband á milli Suðurlands og Vesturlands, auka umferðaröryggi, tryggja greiðari samgöngur og greiða fyrir umferð í Borgarfjörð, um Uxahryggi og Kaldadalsveg þar sem mikil aukning hefur orðið á umferð ferðamanna á þessu svæði. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi ekki umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfið. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu á vegaáætlun 2005-2007 og hefjist líklega sumarið 2006 og ljúki sama haust.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögnum Bláskógabyggðar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Umhverfisstofnunar og Þingvallanefndar kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki séu gerðar athugasemdir við breytingu á veglínu 2 sem Vegagerðin kynni sem 2b í nýjum gögnum dags. 19. júlí 2005. Umhverfisstofnun hafi bent á í umsögn sinni dags. 22. júní 2005 að syðsti hluti leiðar 2 á Ormavöllum muni liggja um grónasta hluta árkeilunnar og að nærtækara væri að leggja veginn um raskað námusvæði neðan núverandi vegar. Í þeirri umsögn hafi Umhverfisstofnun jafnframt bent á að fyrirhugað sé að stærstur hluti efnistöku verði úr árfarvegum og árkeilum og eigi því að vera auðvelt að aðlaga námusvæðin að landi umhverfis. Nýr vegur myndi að mestu leyti liggja á Skjaldbreiðarhrauni, sem á þessu svæði sé all slétt, sandi orpið og lítið gróið. Ekki verði efnistaka í hrauninu og skeringar einungis á fáum stöðum þar sem nauðsyn krefji vegna legu vegarins. Fram kemur það álit að draga eigi úr umfangi þessara skeringa eins og kostur er og laga halla skeringa að halla óraskaðs lands í næsta nágrenni. Nýr vegur verði nánast allur byggður á fyllingum sem keyrðar verði út á hraunið. Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að endurbygging núverandi vegar skv. leið 1 um Tröllháls myndi fylgja verulegt rask. Veglagning myndi krefjast mikilla skeringa og fyllinga á sunnanverðum Tröllhálsi sem yrðu mjög áberandi í landinu, auk þess sem efnisþörf sé talsvert meiri verði núverandi vegur endurbyggður skv. leið 1 í stað þess að leggja nýjan veg skv. leið 2b um Skjaldbreiðarhraun. Því telji stofnunin að vegur á leið 2b muni falla betur að landi en endurbyggður núverandi vegur skv. leið 1.

Fornleifavernd ríkisins bendir á að þrjár vörður (nr. 1, 4 og 5) liggi við eða nærri leið 1 og að mögulegt væri að forðast skemmdir á tveimur þeirra (nr. 1 og 4) við veglagningu en varða nr. 5 muni að öllum líkindum glatast. Fram kemur að í skráningarskýrslu fornleifa segi að leið 2b liggi nokkurn veginn á sömu slóðum og gömul reiðgata (nr. 17) frá Ormavöllum að Biskupabrekku. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi þær 8 vörður sem næst séu veglínu 2b, t.d. með veifu á staur við hlið þeirra, til að þær raskist ekki af vangá. Fram kemur að Fornleifavernd ríkisins telji leið 1 betri kost en leið 2b vegna nálægðar leiðar 2b við gamla reiðgötu. Stofnunin leggist ekki gegn lagningu vegar skv. leið 2b en mælist til að henni verði hnikað frá gömlu reiðleiðinni eins og kostur er. Einnig veki stofnunin athygli á að varast beri að hafa vinnuskúra og efnisgeymslu of

nálægt fornleifum og að haga beri akstri vinnuvéla með tilliti til fornleifa. Að því gefnu að fullt tillit verði tekið til þeirra mótvægisáðgerða sem fram koma í umsögn Fornleifaverndar ríkisins telur stofnunin að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Vegagerðin muni kappkosta að haga hönnun vegar og framkvæmdum að öðru leyti þannig að skerðing verði sem minnst á fornri reiðleið um leið 2b. Ekki sé þó hægt að leggja veg þar án þess að fara yfir þessa fornu leið austur af og skammt sunnan Biskupsbrekku. Þá verði þess gætt að merkja greinilega þær 8 vörður sem staðsettar séu næst veglínu auk þess sem bent verði á þær sérstaklega í útboðsgögnum.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða endurbyggingu og nýlagningu Uxahryggjavegar frá Tröllhálsi að Kaldadalssvegi í Bláskógabyggð. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar eru kynntir tveir valkostir á lagningu vegar frá Tröllhálsi að Kaldadalssvegi, leið 1 sem er að hálfu leyti endurbygging á núverandi vegi og valkostur Vegagerðarinnar leið 2b, sem er nýlagning, nokkuð austan núverandi vegar. Skipulagsstofnun telur ljóst að við veglagningu skv. leið 1 verði talsvert rask á Tröllhálsi vegna skeringa og fyllinga sem hafi neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Veglagning skv. leið 2b verður um flatlendi og bein skerðing á Skjaldbreiðarhrauni verður í lágmarki þar sem vegurinn verður að mestu byggður á fyllingum á hrauninu. Skipulagsstofnun telur að áhrif veglagningar skv. leið 2b á landslag og jarðmyndanir verði ekki veruleg en leggur áherslu á að dregið verði úr umfangi skeringa eins og kostur er og halli þeirra verði lagaður að halla óraskaðs lands í næsta nágrenni. Fyrir liggur að efnisþörf vegna veglagningar skv. leið 1 er talsvert meiri en við veglagningu skv. leið 2b. Skipulagsstofnun telur að efnistaka skv. báðum leiðum muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á landslag og jarðmyndanir þar sem stærstur hluti efnistöku verður úr árfarvegum og árkeilum og því eigi að vera unnt að aðlaga námusvæðin að landi umhverfis eins og fram kemur í umsögn Umhverfisstofnunar. Stofnunin leggur áherslu á að Vegagerðin leiti samráðs við Umhverfisstofnun við frekari útfærslu á vinnslu og frágangi efnistökusvæðanna eins og fram kemur í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar.

Fyrir liggur að veglagning skv. báðum leiðum auk efnistöku verður á svæði sem er að mestu lítt gróið eða ógróið. Þar sem vegurinn mun liggja um gróið svæði hefur Vegagerðin kynnt mótvægisáðgerðir sem miða að því að draga úr skerðingu gróðurs og hættu á jarðvegsrofi. Skipulagsstofnun telur að áhrif veglagningar skv. leiðum 1 og 2b og efnistöku á gróður verði ekki veruleg að teknu tilliti til þeirra mótvægisáðgerða sem kynntar eru í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar en leggur áherslu á samráð við Umhverfisstofnun við tilhögun þeirra eins og fram kemur í framlögðum gögnum Vegagerðarinnar.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að stofnunin telji veglagningu skv. leið 1 betri kost en leið 2b vegna nálægðar síðarnefndu leiðarinnar við gamla reiðleið og mælist til að leið 2b verði hnikað frá reiðleiðinni eins og kostur er. Fyrir liggur það álit Vegagerðarinnar að ekki sé unnt að leggja veg skv. leið 2b án þess að fara yfir þessa fornu leið austur af og skammt sunnan Biskupsbrekku. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að leið 1 sé betri kostur með tilliti til áhrifa á fornleifar. Hins vegar telur stofnunin að unnt eigi að vera að leggja veg skv. leið 2b án

Þess að áhrif veglagningarinnar kunni að verða umtalsverð á fornleifar. Skipulagsstofnun leggur að öðru leyti áherslu á þær mótvægisáðgerðir sem koma fram í umsögn Fornleifaverndar ríkisins og framlögðum gögnum Vegagerðarinnar og fullt samráð við Fornleifavernd ríkisins um tilhögun veglagningar við hina gömlu reiðleið.

Fyrir liggur að markmið fyrirhugaðrar framkvæmdar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi og telur Skipulagsstofnun að veglagning, burtséð frá leiðavali, komi til með að hafa jákvæð áhrif á fyrrnefnda þætti.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Vegagerðarinnar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að veglagning skv. leiðum 1 og 2b frá Tröllhálsi að Kaldadalsvegi í Bláskógabyggð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bláskógabyggðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Verði reistar starfsmannabúðir þarf jafnframt starfsleyfi Heilbrigðiseftirlitsins skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti.

Leið 2b er í samræmi við samþykktu tillögu að Aðalskipulagi Bláskógabyggðar fyrir Þingvallasveit 2004-2016 og getur sveitarstjórn Bláskógabyggðar veitt framkvæmdaleyfi þegar aðalskipulagstillagan hefur verið staðfest. Verði vegur lagður skv. leið 1 og verði um efnistöku að ræða úr námum F/G þarf að gera breytingar á staðfestu aðalskipulagi. Fyrir liggur álit samvinnunefndar um svæðisskipulag miðhálandisins þess efnis að veglagning skv. leið 2b kalli ekki á breytingar á svæðisskipulaginu. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf framkvæmdaraðili að leggja fram áætlun um efnistöku sbr. 48. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, þar sem m.a. er gerð grein fyrir frágangi efnistökusvæða sbr. 49. gr. laganna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 31. október 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Jakob Gunnarsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Bláskógabyggð, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Umhverfisstofnun og Þingvallanefnd.